

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/589****2021/EES/72/12****frá 19. júlí 2016****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum a- og d-lið 7. mgr. 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Verðbréfafyrirtæki sem leggur stund á viðskipti með notkun algríms, veitir beinan, rafrænan aðgang eða starfar sem almennur stöðustofnunaraðili, ætti að nota kerfi og áhættueftirlit sem eru skilvirk, öflug og hafa næga afkastagetu með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs viðskiptalíkans þessa verðbréfafyrirtækis.
- 2) Því ætti verðbréfafyrirtækið að bregðast við allri áhættu sem gæti haft áhrif á kjarnaþætti algrímsviðskiptakerfisins, þ.m.t. áhættu sem tengist vélbúnaði, hugbúnaði og tengdum fjarskiptaleiðslum sem það fyrirtæki notar til að framkvæma viðskiptastarfsemi sína. Til að tryggja sömu skilyrði fyrir algrímsviðskipti óháð viðskiptakerfi ættu hvers konar kerfi til framkvæmdar eða tilboðastýringar sem verðbréfafyrirtæki starfrækja að falla undir þessa reglugerð.
- 3) Verðbréfafyrirtæki ætti að hafa skýra og formlega stjórnarhætti sem hluta af heildar stjórnar- og ákvarðanatökuramma sínum, þ.m.t. skýrar ábyrgðarlínur, skilvirkt verklag við miðlun upplýsinga og aðgreind verkefni og ábyrgðarsvið. Fyrirkomulag þetta ætti að tryggja að minna þurfi að treysta á ákveðinn einstakling eða einingu.
- 4) Gera ætti samræmispröfun til að sannreyna að viðskiptakerfi verðbréfafyrirtækis eigi eðlileg samskipti og samspil við viðskiptakerfi viðskiptavettvangsins eða veitanda beins markaðsaðgangs og að markaðsgögn séu unnin á réttan hátt.
- 5) Algrím til fjárfestingaákvæðana taka sjálfvirkar viðskiptaákvæðanir með því að ákvarða hvaða fjármálagerninga ætti að kaupa eða selja. Algrím til að framkvæma fyrirmæli hámarka framfylgd fyrirmæla með því að búa til og leggja fram fyrirmæli og tilboð á sjálfvirkan hátt á einum eða fleiri viðskiptavettvöngum um leið og fjárfestingarákvörðun hefur verið tekin. Aðgreina ætti viðskiptaalgrím til fjárfestingarákvæðana frá algrímum til að framkvæma fyrirmæli með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum þeirra á sanngjarna og skipulega heildarstarfsemi markaðarins.
- 6) Kröfur um prófun viðskiptaalgríma ættu að byggjast á hugsanlegum áhrifum sem algrím þessi gætu haft á sanngjarna og skipulega heildarstarfsemi markaðarins. Hvað þetta varðar ætti einungis að undanskilja frá prófunarkröfunum algrím eingöngu til fjárfestingaákvæðana sem búa til fyrirmæli sem aðeins á að framkvæma á órafrænan hátt og með mannlegri íhlutun.
- 7) Verðbréfafyrirtæki ætti að tryggja, við innleiðingu viðskiptaalgríma, að notkun viðskiptaalgríma sé stýrð, óháð því hvort þessi viðskiptaalgrím eru ný eða hafa áður verið notuð á árangursríkan hátt hjá öðrum viðskiptavettvangi og hvort uppbyggingu þeirra hefur verið breytt verulega. Stýrð innleiðing viðskiptaalgríma ætti að tryggja að viðskiptaalgrím

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 417. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

virki eins og ætlast er til í framleiðslumhverfi. Verðbréfafyrirtækið ætti því að setja varfærin mörk á fjölda fjármálagerninga sem viðskipti eru höfð með, verð, virði og fjölda tilboða, stefnumiðaðar stöður (e. *strategy positions*) og fjölda markaða sem eiga í hlut og með því að vakta betur starfsemi algrímsins.

- 8) Verðbréfafyrirtæki ætti sjálfst að meta hvort það uppfyllir sértæku skipulagskröfurnar og ætti slíkt sjálfsmat einnig að fela í sér mat á hvort farið er að viðmiðunum sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Sjálfsmatið ætti jafnframt að fela í sér allar aðrar aðstæður sem gætu haft áhrif á skipulag þessa verðbréfafyrirtækis. Sjálfsmatið ætti fara reglulega fram og gera verðbréfafyrirtækinu kleift að skilja til fulls viðskiptakerfið og viðskiptaalgrímin sem það notar og áhættuna sem hlýst af algrímsviðskiptum, óháð því hvort verðbréfafyrirtækið hefur þróað slík kerfi eða algrím sjálfst, keypt þau frá þriðja aðila eða hannað eða þróað þau í náinni samvinnu við viðskiptavin eða þriðja aðila.
- 9) Verðbréfafyrirtæki ætti að geta afturkallað öll eða sum tilboð sín þegar nauðsyn krefur („neyðarstöðvunaraðgerð“). Verðbréfafyrirtæki ættu ætíð að geta vitað hvaða viðskiptaalgrím, seljendur eða viðskiptavinir bera ábyrgð á fyrirmælum til að slík afturköllun geti borið tilætlaðan árangur.
- 10) Verðbréfafyrirtæki sem tekur þátt í algrímsviðskiptum ætti að hafa eftirlit með því að ekki sé hægt að nota viðskiptakerfi þess í einhverjum tilgangi sem brýtur í bága við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ⁽¹⁾ eða reglur viðskiptavettvangs sem það tengist. Tilkynna ætti grunsamleg viðskipti eða tilboð til lögbærra yfirvalda í samræmi við umrædda reglugerð.
- 11) Nota ætti mismunandi tegundir eftirlits til að bregðast við mismunandi tegundum af áhættu. Eftirlit áður en viðskipti fara fram ætti að framkvæma áður en fyrirmæli eru lögð fram á viðskiptavettvangi. Verðbréfafyrirtæki ættu einnig að vakta eigin viðskiptastarfsemi og innleiða rauntímavöktun sem greina merki um ótilhlýðileg viðskipti eða að farið sé yfir mörk sem sett voru áður en viðskipti fóru fram. Koma ætti á eftirliti til að nota að loknum viðskiptum til að vakta markaðinn og útlánaáhættu verðbréfafyrirtækisins með afstemmingu að viðskiptum loknum. Jafnframt ætti að koma í veg fyrir hugsanleg markaðssvik og brot á reglum viðskiptavettvangsins með sértækum eftirlitakerfum sem senda viðvörun eigi síðar en næsta dag og eru fínstillt til að lágmarka falsjávæðar og falsneikvæðar viðvaranir.
- 12) Viðvörðun í kjölfar rauntímavöktunar ætti að vera gefin eins fljótt og tæknilega er mögulegt. Allar aðgerðir í kjölfar þeirrar vöktunar ættu að fara fram eins skjótt og auðið er með hliðsjón af nægilegri skilvirkni og eðlilegum útgjöldum hlutaðeigandi einstaklinga og kerfa.
- 13) Verðbréfafyrirtæki sem veitir beinan rafrænan aðgang („veitandi beins, rafræns aðgangs“) ætti áfram að bera ábyrgð á viðskiptum sem viðskiptavinir með beinan, rafrænan aðgang framkvæma með notkun viðskiptakóða þess. Veitandi beins, rafræns aðgangs ætti því að koma á fót stefnu og verklagsreglum til að tryggja að viðskipti viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang séu í samræmi við kröfurnar sem gilda um þann veitanda. Þessi ábyrgð ætti að teljast meginþáttur þess að koma á fót eftirliti fyrir og eftir viðskipti og til að meta hæfi viðskiptavina til að fá beinan, rafrænan aðgang. Veitandi beins, rafræns aðgangs ætti því að hafa fullnægjandi vitneskju um fyrirætlanir, getu, fjármagn og áreiðanleika viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang hjá honum, þ.m.t. upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum og viðskiptavettvöngum um viðurlagasögu væntanlegra viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang ef þær eru aðgengilegar öllum.
- 14) Veitandi beins, rafræns aðgangs ætti að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar jafnvel þó hann taki ekki þátt í algrímsviðskiptum þar eð viðskiptavinir hans gætu notað beina, rafræna aðganginn til að stunda algrímsviðskipti.
- 15) Áreiðanleikakönnun á væntanlegum viðskiptavinum með beinan, rafrænan aðgang ætti að aðlaga að þeirri áhættu sem hlýst af eðli, umfangi og flækjustigi áætlaðrar viðskiptastarfsemi þeirra og að þeim beina, rafræna aðgangi sem er veittur. Einkum ætti að meta áætlað umfang viðskipta og fjölda tilboða og hvernig tengingu viðkomandi viðskiptavettvöngum er boðin.
- 16) Mæla ætti fyrir um efni og snið eyðublaða sem verðbréfafyrirtæki, sem beitir hátíðniviðskiptatækni, notar til að leggja fram fyrir lögbæru yfirvöldin skrárnar um framlögð tilboð sín og hve lengi ætti að geyma þessar skrár.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtið. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

- 17) Til að tryggja samræmi við almenna skuldbindingu verðbréfafyrirtækis um að halda skrár um tilboð ætti tilskilinn varðveislutími skráa hjá verðbréfafyrirtæki sem stundar háttíðni viðskiptatækni, að vera í samræmi við þann tíma sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾.
- 18) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 19) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 20) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNAR SKIPULAGSKRÖFUR

1. gr.

Almennar skipulagskröfur

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Sem hluta af almennum innviðum fyrir stjórnun og ákvörðunartöku skal verðbréfafyrirtæki koma á fót og hafa eftirlit með viðskiptakerfum og viðskiptaalgrímum sínum með skýrum og fastmótuðum aðferðum sem taka mið af eðli, umfangi og flækjustigi starfsemi þess, þannig að mælt sé fyrir um:

- a) skýrar ábyrgðarlínur, þ.m.t. verklag við að samþykkja þróun, innleiðingu og síðari uppfærslur viðskiptaalgríms og við að leysa vandamál sem koma í ljós við eftirlit með viðskiptaalgrímum,
- b) skilvirkt verklag um miðlun upplýsinga innan verðbréfafyrirtækisins svo unnt sé að fá og innleiða fyrirskipanir tímanlega og með skilvirkum hætti,
- c) verka- og ábyrgðarskiptingu milli annars vegar viðskiptaborða (e. *trading desks*) og hins vegar stoðstarfsemi, þ.m.t. áhættustýringar og regluvörslu, til að tryggja að ekki sé unnt að dylja óheimil viðskipti.

2. gr.

Hlutverk regluvörslu

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að starfsfólk í regluvörslu hafi a.m.k. almennan skilning á því hvernig algrím sviðskiptakerfi og viðskiptaalgrím verðbréfafyrirtækisins virka. Starfsfólk í regluvörslu skal vera í stöðugu sambandi við einstaklinga innan fyrirtækisins sem hafa ítarlega tæknipækningu á algrím sviðskiptakerfum og algrímum fyrirtækisins.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Verðbréfafyrirtæki skal einnig tryggja að starfsfólk í regluvörslu sé ávallt í sambandi við þann einstakling eða þá einstaklinga innan verðbréfafyrirtækisins sem hafa aðgang að þeirri aðgerð sem um getur í 12. gr. („neyðarstöðvunaraðgerð“) eða beinan aðgang að þeirri neyðarstöðvunaraðgerð og þeim sem bera ábyrgð á hverju viðskiptakerfi eða algrími.

3. Sé regluvörslu eða einstökum þáttum hennar útvistað til þriðja aðila skal verðbréfafyrirtækið veita þeim þriðja aðila sama aðgang að upplýsingum og það hefði veitt eigin starfsfólki í regluvörslu. Verðbréfafyrirtækið skal tryggja að með slíkri ytri regluvörslu:

- a) sé gagnavernd tryggð,
- b) geti innri og ytri endurskoðendur eða lögbært yfirvald framkvæmt úttektir á regluvörslunni.

3. gr.

Starfsfólk

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal hafa í þjónustu sinni nægilegan fjölda starfsfólks með nauðsynlega hæfni til að stýra algrímsviðskiptakerfi og viðskiptaalgrími þess og með fullnægjandi tæknilega þekkingu á:

- a) viðkomandi viðskiptakerfum og algrími,
- b) eftirliti með og prófunum á slíkum kerfum og algrími,
- c) þeim viðskiptastefnum (e. *trading strategies*) sem verðbréfafyrirtækið beitir með algrímsviðskiptakerfum og viðskiptaalgrímum sínum,
- d) lagaskyldum verðbréfafyrirtækisins.

2. Verðbréfafyrirtæki skal tilgreina þá nauðsynlegu hæfni sem um getur í 1. mgr. Starfsfólkið sem um getur í 1. mgr. skal búa yfir þessari nauðsynlegu hæfni við ráðningu eða öðlast hana með þjálfun eftir ráðningu. Verðbréfafyrirtækið skal tryggja að hæfni þessa starfsfólks sé haldið uppfærðri með símenntun og meta hæfni þess reglulega.

3. Starfsþjálfunin sem um getur í 2. mgr. skal sniðin að reynslu og ábyrgð starfsfólksins, að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi verðbréfafyrirtækisins. Einkum skal starfsfólk sem kemur að framlagningu tilboða fá þjálfun í notkun kerfa til framlagningar tilboða og fræðslu um markaðssvik.

4. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að starfsfólk sem hefur með höndum áhættustýringu og regluvörslu algrímsviðskipta hafi:

- a) fullnægjandi þekkingu á algrímsviðskiptum og -stefnum (e. *strategies*),
- b) fullnægjandi hæfni til að fylgja eftir upplýsingum sem berast með sjálfvirkum viðvörðunum,
- c) fullnægjandi heimildir til að hafa afskipti af því starfsfólki sem ber ábyrgð á algrímsviðskiptum þegar slík viðskipti leiða til óeðlilegra viðskiptaskilyrða eða grunsemda um markaðssvik.

4. gr.

Útvistun og innkaup á upplýsingatekni

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal áfram bera fulla ábyrgð á skuldbindingum sínum samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilvikum sem það útvistar eða kaupir inn hugbúnað eða vélbúnað sem notaður er í algrímsviðskiptastarfsemi.

2. Verðbréfafyrirtæki skal hafa fullnægjandi þekkingu og nauðsynleg gögn til að tryggja að 1. mgr. sé fylgt á skilvirkan hátt að því er varðar aðkeyptan eða útvistaðan vélbúnað eða hugbúnað sem notaður er við algrímsviðskipti.

II. KAFLI

ÁLAGSÞOL VIÐSKIPTAKERFA

I. ÞÁTTUR

Prófun og notkun viðskiptaalgrímskerfa og -stefna

5. gr.

Almenn aðferðafræði

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Áður en verðbréfafyrirtæki notar eða uppfærir verulega algrímsviðskiptakerfi, viðskiptaalgrím eða algrímsviðskiptastefnu skal það taka upp skýrt skilgreindri aðferðafræði til að þróa og prófa slík kerfi, algrím og stefnur.
2. Tiltekinn einstaklingur, sem framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækis skipar í það hlutverk, skal heimila notkun eða verulega uppfærslu á algrímsviðskiptakerfi, viðskiptaalgrími eða algrímsviðskiptastefnu.
3. Aðferðafræðin sem um getur í 1. mgr. skal taka til hönnunar, afkasta, skráahalds og samþykkis á algrímsviðskiptakerfi, viðskiptaalgrími og algrímsviðskiptastefnu. Hún skal einnig tilgreina ábyrgðarhlutverk, úthlutun nauðsynlegra aðfanga og verklags við að leita leiðsagnar innan verðbréfafyrirtækisins.
4. Aðferðafræðin sem um getur í 1. mgr. skal tryggja að algrímsviðskiptakerfið, viðskiptaalgrímið og algrímsviðskiptastefnan:
 - a) virki ekki á annan hátt en til er ætlast,
 - b) samræmist skuldbindingum verðbréfafyrirtækisins samkvæmt þessari reglugerð,
 - c) samræmist reglum og kerfum viðskiptavettvanga sem verðbréfafyrirtækið hefur aðgang að,
 - d) yti ekki undir óeðlileg viðskiptaskilyrði, haldi áfram að virka á skilvirkan hátt við erfiðar markaðsaðstæður og, þegar nauðsyn krefur við slíkar aðstæður, geri kleift að slökkva á algrímsviðskiptakerfinu eða viðskiptaalgríminu.
5. Verðbréfafyrirtæki skal laga prófunaraðferðafræði sína að þeim viðskiptavettvöngum og mörkuðum þar sem viðskiptaalgrímið verður notað. Verðbréfafyrirtæki skal gera frekari prófanir ef verulegar breytingar verða á algrímsviðskiptakerfinu eða aðgangi að viðskiptavettvangnum þar sem nota á algrímsviðskiptakerfið, viðskiptaalgrímið eða algrímsviðskiptastefnuna.
6. Ákvæði 2. og 5. mgr. skulu aðeins gilda um viðskiptaalgrím sem leiða til framkvæmdar fyrirmæla.
7. Verðbréfafyrirtæki skal halda skrár um allar verulegar breytingar sem gerðar eru á hugbúnaði sem notaður er í algrímsviðskiptum, svo unnt sé að ákvarða:
 - a) hvenær breytingin var gerð,
 - b) hvaða einstaklingur gerði breytinguna,
 - c) hvaða einstaklingur samþykkti breytinguna,
 - d) eðli breytingarinnar.

6. gr.

Samræmisprófun

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal prófa samræmi algrímsviðskiptakerfa og viðskiptaalgríma sinna við:
 - a) kerfi viðskiptavettvangs í eftirfarandi tilvikum:
 - i) þegar verðbréfafyrirtækið notar þann viðskiptavettvang sem aðili hans,
 - ii) þegar það tengist viðskiptavettvanginum með aðgangsfyrirkomulagi gegnum annan (e. *sponsored access*) í fyrsta sinn,

- iii) þegar verulegar breytingar verða á kerfum viðskiptavettvangsins,
 - iv) á undan innleiðingu eða verulegri uppfærslu algrímsviðskiptakerfis, viðskiptaalgríms eða algrímsviðskiptastefnu verðbréfafyrirtækisins,
- b) kerfið hjá veitanda beins markaðsaðgangs í eftirfarandi tilvikum:
- i) þegar verðbréfafyrirtækið notar þann viðskiptavettvang gegnum beinan markaðsaðgang í fyrsta sinn,
 - ii) þegar verulegar breytingar verða sem hafa áhrif á virkni beins markaðsaðgangs hjá þeim veitanda,
 - iii) á undan fyrstu notkun eða verulegri uppfærslu algrímsviðskiptakerfis, viðskiptaalgríms eða algrímsviðskiptastefnu verðbréfafyrirtækisins.
2. Með samræmispröfun skal sannreyna hvort grunnþættir algrímsviðskiptakerfisins eða viðskiptaalgrímsins starfa rétt og í samræmi við kröfur viðskiptavettvangsins eða veitanda beins markaðsaðgangs. Í þessum tilgangi skal prófunin sannreyna að algrímsviðskiptakerfið eða viðskiptaalgrímið:
- a) eigi samskipti við pörunarrökverk (e. *matching logic*) viðskiptavettvangsins eins og til er ætlast,
 - b) vinni á skilvirkan hátt úr því gagnaflæði sem hlaðið er niður af viðskiptavettvangnum.

7. gr.

Prófunarumhverfi

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að prófun á hlítni við þau viðmið sem mælt er fyrir um í a-, b- og d-lið 4. mgr. 5. gr. fari fram í umhverfi sem er aðskilið frá raunumhverfinu og er notað sérstaklega til prófunar og þróunar á algrímsviðskiptakerfum og viðskiptaalgrímum.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal raunumhverfi merkja umhverfi þar sem algrímsviðskiptakerfi starfa í raun og fela í sér hugbúnað og vélbúnað sem miðlarar nota, beiningu tilboða (e. *order routing*) til viðskiptavettvanga, markaðsgögn, tengda gagnagrunna, áhættustýringarkerfi, gagnaöflun, greiningarkerfi og kerfi til eftirávinnslu viðskipta.

2. Verðbréfafyrirtækjum er heimilt að fullnægja þeim prófunarkröfum sem um getur í 1. mgr. með eigin prófunarumhverfi eða prófunarumhverfi sem viðskiptavettvangur, veitandi beins, rafræns aðgangs eða seljandi útvegar.

3. Verðbréfafyrirtæki skal áfram bera fulla ábyrgð á prófunum á algrímsviðskiptakerfum, viðskiptaalgrímum eða algrímsviðskiptastefnum sínum og á að gera á þeim þær breytingar sem þörf er á.

8. gr.

Stýrð innleiðing algríma

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Áður en viðskiptaalgrím er tekið í notkun skal verðbréfafyrirtæki setja fyrirframskilgreind mörk á:

- a) fjölda fjármálagerna sem átt er viðskipti með,
- b) verð, virði og fjölda tilboða,
- c) stefnumiðaðar stöður og
- d) fjölda viðskiptavettvanga sem tilboð eru send til.

2. ÞÁTTUR

Stýring eftir innleiðingu

9. gr.

Árlegt sjálfsmat og sannreyning

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal árlega framkvæma sjálfsmats- og sannreyningarferli og gefa út sannreyningskýrslu á grundvelli þess. Í því ferli skal verðbréfafyrirtækið endurskoða, meta og staðfesta eftirfarandi:

- a) algrímsviðskiptakerfi, viðskiptaalgrím og algrímsviðskiptastefnur sínar,
- b) ramma sinn um stjórnunarhætti, ábyrgðarskyldu og samþykki,
- c) fyrirkomulag rekstrarsamfellu,
- d) heildarhlítina sína við 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, með hliðsjón af eðli, umfangi og flækjustigi starfsemi sinnar.

Sjálfsmatið skal einnig fela í sér a.m.k. greiningu á hlítina við þau viðmið sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Áhættustýringareining verðbréfafyrirtækisins sem um getur í 2. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/565 ⁽¹⁾ skal semja staðfestingarskýrslu með aðkomu starfsfólks með nauðsynlega tæknipækkingu. Áhættustýringareiningin skal tilkynna regluvörslueiningunni um hvers kyns annmarka sem greint er frá í staðfestingarskýrslunni.

3. Innri endurskoðun fyrirtækisins, sé slík eining til staðar, skal gera úttekt á staðfestingarskýrslunni og skal skýrslan lúta samþykki framkvæmdastjórnar verðbréfafyrirtækisins.

4. Verðbréfafyrirtækið skal bæta úr öllum annmörkum sem greint er frá í sannreyningskýrslunni.

5. Hafi verðbréfafyrirtækið ekki komið á fót áhættustýringareiningu eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565 skulu þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð með tilliti til áhættustýringareiningarinnar gilda um hverja þá aðra einingu sem verðbréfafyrirtækið kemur á fót í samræmi við 2. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565.

10. gr.

Álagspróf

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Sem hluta af árlegu sjálfsmati sínu sem um getur í 9. gr. skal verðbréfafyrirtæki prófa hvort algrímsviðskiptakerfi þess, verklagsreglur og stjórnæki sem um getur í 12.–18. gr. þoli vaxandi flæði tilboða eða markaðsálag. Verðbréfafyrirtækið skal hanna slík próf með hliðsjón af eðli viðskiptastarfsemi (e. *trading activities*) sinnar og viðskiptakerfa sinna. Verðbréfafyrirtækið skal tryggja að prófin séu framkvæmd þannig að þau hafi ekki áhrif á raunumhverfið. Þessi próf skulu samstanda af:

- a) prófi með miklu magni skilaboða þannig að notaður sé mesti fjöldi skilaboða sem verðbréfafyrirtækið hefur tekið á móti og sent á næstliðnum sex mánuðum, margfaldaður með tveimur,
- b) prófi með miklu magni viðskipta þannig að notað sé mesta magn viðskipta sem verðbréfafyrirtækið hefur náð á næstliðnum sex mánuðum, margfaldað með tveimur.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskýrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjútö. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 1).

*11. gr.***Stjórnun verulegra breytinga**

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að á undan öllum fyrirhuguðum, verulegum breytingum á raunumhverfinu í tengslum við algrímsviðskipti fari aðili, tilnefndur af framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækisins, yfir þær breytingar. Umfang yfirferðarinnar skal samsvara umfangi fyrirhugaðrar breytingar.
2. Verðbréfafyrirtæki skal koma á verklagsreglum til að tryggja að allar breytingar á virkni kerfa þess séu tilkynntar þeim miðlurum sem hafa umsjón með viðskiptaalgríminu og til regluvörslueiningarinnar og áhættustýringareiningarinnar.

*3. ÞÁTTUR****Leiðir til að tryggja álagsþol****12. gr.***Neyðarstöðvunaraðgerð**

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Sem neyðarráðstöfun skal verðbréfafyrirtæki geta fellt niður tafarlaust ein eða öll óframkvæmd tilboð sem lögð hafa verið fram á einhverjum eða öllum viðskiptavettvöngum sem verðbréfafyrirtækið er tengt („neyðarstöðvunaraðgerð“).
2. Að því er varðar 1. mgr. skal telja til óframkvæmdra fyrirmæla þau fyrirmæli sem koma frá einstökum miðlurum, viðskiptaborðum og, þegar við á, viðskiptavinum.
3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal verðbréfafyrirtæki geta tilgreint hvaða viðskiptaalgrím og hvaða miðlari, viðskiptaborð eða, þar sem við á, viðskiptavinur ber ábyrgð á sérhverju tilboði sem hefur verið sent viðskiptavettvangi.

*13. gr.***Sjálfvirkt eftirlitskerfi til að uppgötva markaðsmisnotkun**

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal hafa eftirlit með öllum viðskiptum sem fara fram gegnum viðskiptakerfi þess, þ.m.t. frá viðskiptavinum þess, með tilliti til vísbendinga um hugsanlega markaðsmisnotkun eins og um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal verðbréfafyrirtækið koma á fót og viðhalda sjálfvirku eftirlitskerfi sem vaktar á skilvirkan hátt tilboð og viðskipti, býr til viðvaranir og tilkynningar og, þegar við á, notast við myndbirtingartól (e. *visualisation tools*).
3. Sjálfvirka eftirlitskerfið skal taka til allra viðskipta sem verðbréfafyrirtækið tekur sér fyrir hendur og allra tilboð sem það leggur fram. Það skal vera hannað með hliðsjón af eðli, umfangi og flækjustigi viðskipta verðbréfafyrirtækisins, svo sem tegundum og magni gerninga sem viðskipti eru með, stærð og flækjustigi tilboðaflæðis þess og þeim mörkuðum sem það hefur aðgang að.
4. Allar viðvaranir um grunsamleg viðskipti úr sjálfvirka eftirlitskerfinu á tímabilinu til rannsóknar skal verðbréfafyrirtækið bera saman við önnur viðskipti fyrirtækisins sem máli skipta.
5. Sjálfvirkt eftirlitskerfi verðbréfafyrirtækisins skal vera hægt að laga að breytingum á lagaskyldum og viðskiptum þess, þ.m.t. breytingum á viðskiptastefnu fyrirtækisins og viðskiptavina þess.
6. Verðbréfafyrirtækið skal endurskoða sjálfvirkt eftirlitskerfi sitt eigi sjaldnar en árlega til að meta hvort það kerfi og þau viðmið og sífur sem það notar séu enn fullnægjandi að því er varðar lagaskyldur og viðskipti verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. getu þess til að lágmarka birtingu falsjákvæðra og falsneikvæðra viðvarana.

7. Sjálfvirkt eftirlitskerfi verðbréfafyrirtækisins skal geta lesið, endurspilað og greint gögn um tilboð og viðskipti eftir á með nægjanlegri afkastagetu til að geta starfað í sjálfvirku viðskiptaumhverfi með litlum biðtíma, þegar við á, og með nægilega ítarlegum tímaupplýsingum. Einnig skal það geta búið til nothæfar viðvaranir við upphaf næsta viðskiptadags eða, sé um að ræða handvirk ferli, við lok næsta viðskiptadags. Eftirlitskerfi verðbréfafyrirtækisins skal fela í sér fullnægjandi skráningu og verklag til skilvirkrar eftirfylgni með viðvörðunum sem kerfið býr til.

8. Starfsfólk sem ber ábyrgð á eftirliti með viðskiptum verðbréfafyrirtækis að því er varðar 1.–7. mgr. skal gera regluvörslu viðvart um öll viðskipti sem kunna að brjóta í bága við stefnu og verklag verðbréfafyrirtækisins eða lagaskyldur þess. Regluvarslan skal meta þær upplýsingar og gera viðeigandi ráðstafanir. Á meðal slíkra ráðstafana skulu vera tilkynning til viðskiptavettvangsins eða framlagning tilkynningar um grunsamleg viðskipti eða fyrirmæli í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.

9. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að gögn þess um viðskipti og reikningsupplýsingar séu rétt, fullgerð og samræmd með því að bera saman, eins fljótt og unnt er, eigin rafrænar viðskiptaskrár við gögn sem viðskiptavettvangar, miðlarar, stöðustofnunaraðilar, miðlægir mótaðilar, gagnaveitendur eða aðrir viðeigandi samstarfsaðilar veita, þegar við á að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustígs starfseminnar.

14. gr.

Fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal hafa til staðar fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu í algrímsviðskiptakerfum sínum sem hæfir eðli, umfangi og flækjustigi starfsemi þess. Skjal festa skal þetta fyrirkomulag á varanlegum miðli.

2. Fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu hjá verðbréfafyrirtæki gera ráð fyrir að tekið sé með skilvirkum hætti á atvikum sem valda truflun og, eftir atvikum, að tímanlegt áframhald algrímsviðskipta sé tryggt. Þetta fyrirkomulag skal laga að viðskiptakerfum hvers viðskiptavettvangs sem aðgangur er nýttur að og skal fela í sér eftirfarandi:

- a) stjórnunarramma um þróun og innleiðingu á fyrirkomulagi rekstrarsamfellu,
- b) ýmsar mögulegar neikvæðar sviðsmyndir fyrir rekstur algrímsviðskiptakerfisins, þ.m.t. ótíltæk kerfi, starfsfólk, vinnusvæði, ytri birgjar/þjónustuaðilar eða gagnaver og tap eða breytingar á nauðsynlegum gögnum og skjölum,
- c) verklag við flutning viðskiptakerfisins á varastað og rekstur viðskiptakerfisins frá þeim stað, ef viðeigandi er að hafa slíkan stað í ljósi eðlis, umfangs og flækjustígs algrímsviðskiptastarfsemi verðbréfafyrirtækisins,
- d) þjálfun starfsfólks í fyrirkomulagi til að viðhalda rekstrarsamfellu,
- e) notkunarstefnu um aðgerðina sem um getur í 12. gr.,
- f) fyrirkomulag við að slökkva á viðeigandi viðskiptaalgrími eða viðskiptakerfi, eftir því sem við á,
- g) annað fyrirkomulag verðbréfafyrirtækisins til að halda utan um útistandandi tilboð og stöður.

3. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að unnt sé að slökkva á viðskiptaalgrími eða viðskiptakerfi þess í samræmi við fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu án þess að skapa óeðlileg viðskiptaskilyrði.

4. Verðbréfafyrirtæki skal endurskoða og prófa fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu hjá sér árlega og breyta fyrirkomulaginu eftir þörfum í ljósi þeirrar endurskoðunar.

15. gr.

Eftirlit áður en viðskipti fara fram, við innsetningu tilboða

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal beita eftirfarandi stjórnækjum áður en viðskipti fara fram, við innsetningu fyrirmæla fyrir alla fjármálagerninga:
 - a) verðkrögum (e. *price collars*), sem loka sjálfkrafa á eða fella niður tilboð sem uppfylla ekki sett verðviðmið, ásamt því að greina á milli mismunandi fjármálagerninga bæði á grundvelli hvers tilboðs fyrir sig og yfir tilgreint tímabil,
 - b) hámarksvirði tilboða, sem koma í veg fyrir að tilboð með óvenju háu virði komist í tilboðabókina,
 - c) hámarksumfangi tilboða, sem kemur í veg fyrir að óvenjustór tilboð komist í tilboðabókina,
 - d) hámarksfjölda skilaboða, sem kemur í veg fyrir að of mörg skilaboð um framlagningu, breytingu og niðurfellingu tilboða séu send í tilboðabækur.
2. Verðbréfafyrirtæki skal tafarlaust reikna öll tilboð sem send eru viðskiptavettvangi með í þeim mörkum á undan viðskiptum sem um getur í 1. mgr.
3. Verðbréfafyrirtæki skal búa yfir fyrirkomulagi til endurtekinnar og sjálfvirkar hægingar (e. *throttling*) á framkvæmd, sem hefur stjórn á því hve oft algrímsviðskiptastefnu er beitt. Eftir fyrirframákveðinn fjölda endurtekinnar framkvæmdar skal viðskiptakerfið óvirkjast sjálfkrafa þar til tiltekinn starfsmaður virkjar það á ný.
4. Verðbréfafyrirtæki skal setja mörk fyrir markaðs- og greiðslufallsáhættu sem byggjast á eiginfjárgrunni þess, stöðustofnunarfyrirkomulagi þess, viðskiptastefnu þess, áhættuþoli, reynslu og tilteknum breytum, svo sem hve lengi verðbréfafyrirtækið hefur stundað algrímsviðskipti og hve háð það er söluaðilum sem eru þriðju aðilar. Verðbréfafyrirtækið skal laga þessi markaðs- og greiðslufallsáhættumörk að breytilegum áhrifum fyrirmæla á viðkomandi markað vegna mismunandi verðs og seljanleika.
5. Verðbréfafyrirtæki skal sjálfkrafa loka á eða fella niður tilboð frá miðlara fái það vitneskju um að miðlarinn hafi ekki heimild til að eiga í viðskiptum með viðkomandi fjármálagerning. Verðbréfafyrirtæki skal sjálfkrafa loka á eða fella niður tilboð ef hætta er á að þau tefli eigin áhættumörkum verðbréfafyrirtækisins í tvísýnu. Beita skal eftirlitsstjórnækjum, eftir atvikum, á áhættuskuldbindingar gagnvart einstökum viðskiptavinum, fjármálagerningum, miðlurum, viðskiptaborðum eða verðbréfafyrirtækinu í heild sinni.
6. Verðbréfafyrirtæki skal hafa til staðar verklag og fyrirkomulag til meðhöndlunar tilboða sem stjórnækji þess sem beitt er áður en viðskipti fara fram hafa stöðvað en verðbréfafyrirtækið vill engu að síður setja inn. Beita skal slíku verklagi og fyrirkomulagi á tiltekinn viðskipti tímabundið við undantekningaraðstæður. Slíkt skal háð staðfestingu áhættustýringareiningarinnar og heimild tiltekins einstaklings hjá verðbréfafyrirtækinu.

16. gr.

Rauntímavöktun

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Á þeim tíma dags sem það sendir fyrirmæli til viðskiptavettvanga skal verðbréfafyrirtæki fylgjast í rauntíma með allri algrímsviðskiptastarfsemi sem fer fram undir viðskiptakóða þess, þ.m.t. á vegum viðskiptavina þess, með tilliti til vísbendinga um ótilhlýðileg viðskipti (e. *disorderly trading*), þ.m.t. um viðskipti sem ná til fleiri en eins markaðar, eignaflokka eða afurða, sem fyrirtækið eða viðskiptavinir þess stunda.
2. Miðlarinn sem hefur umsjón með viðskiptaalgríminu eða algrímsviðskiptastefnunni og áhættustýringareiningin, eða óháð áhættustýringareining sem komið er á fót vegna þessa ákvæðis, skal hafa með höndum rauntímavöktun á algrímsviðskiptastarfsemi. Telja skal áhættustýringareininguna óháða, hvort sem starfsmaður verðbréfafyrirtækisins eða þriðji aðili hefur með höndum rauntímavöktunina, að því tilskildu að einingin heyri ekki undir miðlarann skipuriti og henni sé kleift að hafa afskipti af miðlaranum eins og við á og nauðsynlegt er innan stjórnunarrámmans sem um getur í 1. mgr.
3. Starfsfólk sem hefur umsjón með rauntímavöktun skal bregðast tímanlega við málum sem tengjast reglum eða rekstri kerfisins og hrinda af stað aðgerðum til úrbóta þegar nauðsyn krefur.

4. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að lögbæra yfirvaldið, viðkomandi viðskiptavettvangar og, eftir atvikum, veitendur beins, rafræns aðgangs, stöðustofnunaradilar og miðlægir mótaðilar hafi ætíð aðgang að því starfsfólki sem hefur umsjón með rauntímavöktuninni. Í því skyni skal verðbréfafyrirtækið tilgreina og prófa reglulega samskiptaleiðir sínar, þ.m.t. verklag til samskipta utan viðskiptatíma, til að tryggja að í neyðartilvikum geti starfsfólk með tilskildar valdheimildir náð sambandi tímanlega hvert við annað.

5. Rauntímavöktunarkerfi skulu búið rauntímaviðvörðunum til að auðvelda starfsfólki að uppgötva ófyrirséða viðskiptastarfsemi sem framkvæmd er með algrími. Verðbréfafyrirtæki skal hafa til staðar ferli til að gera úrbætur eins fljótt og auðið er eftir að viðvörðun hefur verið send, að meðtöldu skipulegu brotthvarfi af markaði ef nauðsyn krefur. Kerfi þessi skulu einnig veita viðvaranir um algrím og fyrirmæli er berast gegnum beinan, rafrænan aðgang sem slá út viðskiptarofa (e. *circuit breakers*) viðskiptavettvangsins. Rauntímaviðvaranir skulu myndast innan fimm sekúndna frá viðkomandi atburði.

17. gr.

Eftirlit að viðskiptum loknum

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal stöðugt hafa yfir að ráða þeim eftirlitsstjórnækjum til beitingar að viðskiptum loknum sem það hefur komið á fót. Ef eftirlitsstjórnækni til beitingar að viðskiptum loknum virkjast skal verðbréfafyrirtækið gera viðeigandi ráðstafanir, sem geta falið í sér að stilla af eða slökkva á viðkomandi viðskiptaalgrími eða viðskiptakerfi eða skipulegt brotthvarf af markaðnum.

2. Þau eftirlitsstjórnækni til beitingar að viðskiptum loknum sem um getur í 1. mgr. skulu fela í sér stöðugt mat og vöktun á virkri markaðs- og greiðslufallsáhættu verðbréfafyrirtækisins.

3. Verðbréfafyrirtæki skal halda skrár yfir viðskipta- og reikningsupplýsingar og skulu skrárnar vera fullgerðar, réttar og samræmdar. Verðbréfafyrirtækið skal stemma af rafrænar viðskiptaskrár sínar við upplýsingar um útistandandi tilboð sín og áhættuskuldbindingar sem það fær frá viðskiptavettvöngunum þangað sem það sendir tilboð, frá miðlurum sínum, veitendum beins, rafræns aðgangs, stöðustofnunaradilum eða miðlægum mótaðilum eða öðrum viðkomandi samstarfsaðilum. Afstemmingin skal fara fram í rauntíma ef fyrrnefndir markaðsaðilar veita upplýsingarnar í rauntíma. Verðbréfafyrirtæki skal hafa getu til að reikna út í rauntíma útistandandi áhættuskuldbindingar sínar og áhættuskuldbindingar miðlara og viðskiptavina sinna.

4. Að því er varðar afleiður skulu eftirlitsstjórnækni til beitingar að viðskiptum loknum sem um getur í 1. mgr. fela í sér eftirlit með hámarksgrótt- og skortstöðum og stefnumiðuðum stöðum í heild, þannig að viðskiptatakmarkanir sé settar á í einingum sem hæfa tegundum viðkomandi fjármálagæringa.

5. Miðlarar sem bera ábyrgð á algrími og áhættustýringareiningu verðbréfafyrirtækisins skulu hafa með höndum eftirlit að viðskiptum loknum.

18. gr.

Öryggi og aðgangstakmarkanir

(Ákvæði 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki skal innleiða upplýsingatæknistefnu með skilgreindum markmiðum og ráðstöfunum sem:

- a) samræmist starfs- og áhættustefnu verðbréfafyrirtækisins og er löguð að starfsemi þess og þeirri áhættu sem það stendur frammi fyrir,
- b) byggist á áreiðanlegu skipulagi upplýsingatæknimála, þ.m.t. þjónustu, framleiðslu og þróun,
- c) samræmist skilvirkri stjórnun upplýsingatækniöryggis.

2. Verðbréfafyrirtæki skal koma á og viðhalda viðeigandi fyrirkomulagi raunlægs og rafræns öryggis sem lágmarkar áhættu í tengslum við árásir á upplýsingakerfi þess og felur auk þess í sér skilvirka auðkenningar- og aðgangsstýringu. Ráðstafanir þessar skulu tryggja leynd, réttleika, ósvikni og tiltækileika gagna sem og áreiðanleika og traustleika upplýsingakerfa verðbréfafyrirtækisins.
3. Verðbréfafyrirtæki skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu um öll veruleg brot í tengslum við raunlægar og rafrænar öryggisráðstafanir. Það skal gefa lögbæra yfirvaldinu atviksskýrslu sem tilgreinir eðli atviksins, ráðstafanir sem gerðar voru í kjölfar þess og aðgerðir sem ráðist var í til að koma í veg fyrir fleiri svipuð atvik.
4. Verðbréfafyrirtæki skal á hverju ári gera innbrotsprófanir (e. *penetration tests*) og veikleikaskimanir (e. *vulnerability scans*) til að líkja eftir netárásum.
5. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að það geti staðfest deili á öllum einstaklingum sem hafa aðgangsrétt að þýðingarmiklum hlutum upplýsingatækniþessa þess. Verðbréfafyrirtækið skal takmarka fjölda slíkra einstaklinga og fylgjast með aðgangi þeirra að upplýsingatækniþessum svo rekjanleiki sé ávallt tryggður.

III. KAFLI

BEINN, RAFRÆNN AÐGANGUR

19. gr.

Almenn ákvæði um beinan, rafrænan aðgang

(Ákvæði 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Veitandi beins, rafræns aðgangs skal setja stefnur og starfsreglur til að tryggja að viðskipti viðskiptavina hans með slíkan aðgang fullnægi reglum viðskiptavettvangsins, þannig að tryggt sé að veitandi beins, rafræns aðgangs uppfylli kröfurnar í samræmi við 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

20. gr.

Eftirlit hjá veitendum beins, rafræns aðgangs

(Ákvæði 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal beita þeim eftirlitsstjórnartækjum sem mælt er fyrir um í 13., 15. og 17. gr. og þeirri rauntímavöktun sem mælt er fyrir um í 16. gr. á tilboðaflæði hvers viðskiptavinar hans með beinan, rafrænan aðgang. Þessi stjórnartæki og vöktun skulu vera önnur og aðgreind frá þeim stjórnartækjum og vöktun sem viðskiptavinir með beinan, rafrænan aðgang beita sjálfir. Sér í lagi skulu tilboð viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang ávallt fara gegnum eftirlit á undan viðskiptum, sem viðkomandi veitandi beins, rafræns aðgangs setur upp og stjórnar.
2. Veitanda beins, rafræns aðgangs er heimilt að notast við eigið eftirlit fyrir og eftir viðskipti, eftirlit sem þriðji aðili veitir eða eftirlit sem viðskiptavettvangurinn býður upp á og rauntímavöktun. Í öllum tilvikum skal veitandi beins, rafræns aðgangs áfram bera ábyrgð á skilvirkni þessa eftirlits. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal auk þess tryggja að hann einn hafi heimild til að setja eða breyta viðmiðum eða mörkum þessa eftirlits fyrir og eftir viðskipti og rauntímavöktunar. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal fylgjast stöðugt með skilvirkni eftirlits fyrir og eftir viðskipti.
3. Í eftirliti fyrir viðskipti skulu takmörk á framlagningu tilboða byggjast á þeim lána- og áhættumörkum sem veitandi beins, rafræns aðgangs beitir á viðskiptastarfsemi eigin viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang. Þessi takmörk skulu byggjast á upphaflegri áreiðanleikakönnun og reglubundnu endurmati veitanda beins, rafræns aðgangs á viðkomandi viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang.
4. Viðmið og mörk þess eftirlits sem beitt er á viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang sem nýta sér aðgang gegnum annan (e. *sponsored access*) skulu vera jafnströng þeim sem beitt er á þá viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang sem nota beinan markaðsaðgang (DMA).

21. gr.

Kröfur til kerfa veitenda beins, rafræns aðgangs

(Ákvæði 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal tryggja að viðskiptakerfi hans geri honum kleift að:
 - a) vakta tilboð sem viðskiptavinur með beinan, rafrænan aðgang leggur fram með viðskiptakóða viðkomandi veitanda beins, rafræns aðgangs,
 - b) loka sjálfkrafa á eða fella niður tilboð frá einstaklingum sem starfrækja viðskiptakerfi, sem leggja fram tilboð sem tengjast algrímsviðskiptum, og skortir heimild til að senda tilboð gegnum beinan, rafrænan aðgang,
 - c) loka sjálfkrafa á eða fella niður tilboð, frá viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang, um fjármálagerninga sem sá viðskiptavinur hefur ekki heimild til að eiga í viðskiptum með, og nota til þess innra flöggunarkerfi til að tilgreina og loka á einstaka viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang eða hóp þeirra,
 - d) loka sjálfkrafa á eða fella niður tilboð frá viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang sem fer yfir áhættustýringarmörk veitanda beins, rafræns aðgangs, með því að beita eftirlitsstjórn tækjum á áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang, fjármálagerninga eða hópa viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang,
 - e) stöðva flæði tilboða sem viðskiptavinir hans með beinan, rafrænan aðgang senda,
 - f) stöðva tímabundið eða fella niður þjónustu, í tengslum við beinan, rafrænan aðgang, við viðskiptavin með beinan, rafrænan aðgang hafi veitandi aðgangssins ekki vissu um að áframhaldandi aðgengi myndi samræmast reglum hans og verklagi um sanngjörn og skipuleg viðskipti og heilbrigði markaða,
 - g) gera úttekt á innri áhættustýringarkerfum viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang, beri nauðsyn til.
2. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal hafa verklagsreglur til að meta, stýra og milda markaðsröskun og áhættu í tengslum við tilekin fyrirtæki. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal geta tilgreint einstaklinga sem gera skal viðvart þegar villa kemur upp sem leiðir til brota á áhættusniði eða hugsanlegra brota á reglum viðskiptavettvangsins.
3. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal ávallt geta staðfest deili á mismunandi viðskiptavinum sínum með beinan, rafrænan aðgang og viðskiptaborðum og miðlurum þessara viðskiptavina sem leggja fram tilboð gegnum kerfi veitanda aðgangssins, með því að úthluta þeim einkvæmum auðkenniskóðum.
4. Veitandi beins, rafræns aðgangs sem heimilar viðskiptavini með beinan, rafrænan aðgang að veita viðskiptavinum sínum beinan, rafrænan aðgang („framsal“) skal geta borið kennsl á flæði tilboða frá slíkum mismunandi framsalshöfum án þess að vera skylt að þekkja deili á framsalshöfunum.
5. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal skrá gögn sem varða þau tilboð sem viðskiptavinir hans með beinan, rafrænan aðgang leggja fram, þ.m.t. breytingar og niðurfellingar, viðvaranir sem eftirlitskerfi hans senda frá sér og breytingar á súnarferli hans.

22. gr.

Áreiðanleikakönnun á væntanlegum viðskiptavinum með beinan, rafrænan aðgang

(Ákvæði 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal framkvæma áreiðanleikakönnun á væntanlegum viðskiptavinum með beinan, rafrænan aðgang til að tryggja að þeir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og reglur viðskiptavettvangsins sem hann býður aðgang að.
2. Áreiðanleikakönnunin sem um getur í 1. mgr. skal taka til:
 - a) stjórn- og eignarhaldsskipanar væntanlegs viðskiptavinar með beinan rafrænan aðgang,
 - b) þeirra tegunda áætlana sem væntanlegur viðskiptavinur með beinan, rafrænan aðgang fylgir,

- c) skipulags starfseminnar, kerfa, eftirlits fyrir og eftir viðskipti og rauntímavöktunar hugsanlegs viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang. Verðbréfafyrirtækið sem býður beinan, rafrænan aðgang og gerir viðskiptavinum kleift að nota viðskiptahugbúnað þriðja aðila til að fá aðgang að viðskiptavettvöngum skal tryggja að hugbúnaðurinn feli í sér eftirlit á undan viðskiptum sem samsvarar því eftirliti á undan viðskiptum sem sett er fram í þessari reglugerð.
 - d) ábyrgðar innan væntanlegs viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang á því að takast á við aðgerðir og villur,
 - e) sögulegs viðskiptamynsturs og fyrri hegðunar væntanlegs viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang,
 - f) umfangs væntra viðskipta og tilboðamagns væntanlegs viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang,
 - g) getu væntanlegs viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang til að uppfylla fjárskuldbindingar sínar gagnvart veitanda beins, rafræns aðgangs,
 - h) viðurlagasögu væntanlegs viðskiptavinar með beinan, rafrænan aðgang, liggi hún fyrir.
3. Áður en væntanlegum viðskiptavini er veittur beinn, rafrænn aðgangur skal veitandi beins, rafræns aðgangs sem heimilar framsal tryggja að viðskiptavinurinn hafi innleitt ramma um áreiðanleikakannanir sem sé hið minnsta sambærilegur við þann sem lýst er í 1. og 2. mgr.

23. gr.

Reglubundin úttekt á viðskiptavinum með beinan, rafrænan aðgang

(Ákvæði 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal endurskoða ferli áreiðanleikakannana sinna árlega.
2. Veitandi beins, rafræns aðgangs skal framkvæma árlegt áhættumiðað endurmat á því hvort kerfi og eftirlit viðskiptavina eru fullnægjandi, einkum að teknu tilliti til breytinga á umfangi, eðli og flækjustigi viðskiptastarfsemi eða -stefna þeirra, breytinga í starfsmannahóp þeirra, breytinga á eignarhaldsskipan, viðskipta- eða bankareikningum, lagalegri stöðu eða fjárhagsstöðu og hvort viðkomandi viðskiptavinur með beinan, rafrænan aðgang hefur látið í ljós fyrirætlan um að framselja aðgengið sem hann fær frá viðkomandi veitanda beins, rafræns aðgangs.

IV. KAFLI

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI SEM KOMA FRAM SEM ALMENNIR STÖÐUSTOFNUNARAÐILAR

24. gr.

Kerfi og eftirlit verðbréfafyrirtækja sem koma fram sem almennir stöðustofnunaraðilar

(Ákvæði 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Kerfi sem verðbréfafyrirtæki sem koma fram sem almennir stöðustofnunaraðilar („stöðustofnunarfyritæki“) nota til stuðnings við stöðustofnunarþjónustu til handa viðskiptavinum sínum skulu lúta viðeigandi áreiðanleikakönnunum, eftirliti og vöktun.

25. gr.

Áreiðanleikakannanir á væntanlegum stöðustofnunarviðskiptavinum

(Ákvæði 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Stöðustofnunarfyritæki skal framkvæma upphaflegt mat á væntanlegum stöðustofnunarviðskiptavini að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi hans. Meta skal hvern væntanlegan viðskiptavin út frá eftirfarandi viðmiðum:
 - a) lánshæfi, þ.m.t. veittum tryggingum,
 - b) innra áhættustýringarkerfi,
 - c) fyrirhugaðri viðskiptastefnu,

- d) greiðslukerfum og -ráðstöfunum sem gera væntanlegum stöðustofnunarviðskiptavinum kleift að tryggja tímanlega yfirfærslu eigna eða reiðufjár sem tryggingar, eftir því sem stöðustofnunarfyrtækið fer fram á í tengslum við stöðustofnunarþjónustuna sem það veitir,
- e) kerfisstillingum og aðgangi að upplýsingum sem auðvelda væntanlegum stöðustofnunarviðskiptavinum að virða hámarksviðskiptamörk sem samið er um við stöðustofnunarfyrtækið,
- f) tryggingum sem væntanlegur stöðustofnunarviðskiptavinur lætur stöðustofnunarfyrtækinu í té,
- g) rekstrartilföngum, þ.m.t. tæknilegum viðmótum og tengjanleika,
- h) því hvort væntanlegur stöðustofnunarviðskiptavinur hefur átt þátt í að brjóta reglur sem miða að því að tryggja heilbrigði fjármálamarkaða, þ.m.t. í markaðssvikum, efnahagsbrotum eða peningþvætti.

2. Stöðustofnunarfyrtæki skal árlega gera úttekt á því hvort stöðustofnunarviðskiptavinir þess uppfylla enn þau viðmið sem tilgreind eru í 1. mgr. Sá bindandi, skriflegi samningur sem um getur í 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal kveða á um þessi viðmið og hve oft stöðustofnunarfyrtækið skal gera úttekt á frammistöðu stöðustofnunarviðskiptavina sinna út frá þessum viðmiðum, eigi slík úttekt að fara fram oft en árlega. Bindandi, skriflegi samningurinn skal kveða á um afleiðingar þess fyrir stöðustofnunarviðskiptavinum að hlíta ekki þessum viðmiðum.

26. gr.

Hámörk á stöður

(Ákvæði 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Stöðustofnunarfyrtæki skal setja fram og miðla til stöðustofnunarviðskiptavina sinna viðeigandi viðskipta- og stöðumörkum til að draga úr og stýra eigin mótaðilaáættu, lausafjáraáættu, rekstraráættu og annarri áættu.
2. Stöðustofnunarfyrtæki skal fylgjast með stöðum stöðustofnunarviðskiptavina sinna með tilliti til þeirra marka sem um getur í 1. mgr., eins nálægt rauntíma og unnt er, og hafa viðeigandi reglur um verklag fyrir og eftir viðskipti til að stýra hættunni á að farið sé yfir stöðumörk, með viðeigandi tryggingartöku og á annan viðeigandi hátt.
3. Stöðustofnunarfyrtæki skal skrásetja þær verklagsreglur sem um getur í 2. mgr. og skrá hvort stöðustofnunarviðskiptavinir hlíta þessum verklagsreglum.

27. gr.

Birting upplýsinga um veitta þjónustu

(Ákvæði 6. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Stöðustofnunarfyrtæki skal birta þau skilyrði sem það veitir stöðustofnunarþjónustu samkvæmt. Það skal bjóða þessa þjónustu á sanngjörnum viðskiptakjörum.
2. Stöðustofnunarfyrtæki skal tilkynna væntanlegum og núverandi stöðustofnunarviðskiptavinum sínum um þau stig verndar, og kostnaðinn sem fylgir þeim mismunandi stigum aðgreiningar, sem það býður upp á. Upplýsingar um mismunandi stig aðgreiningar skulu lýsa helstu réttaráhrifum viðkomandi verndarstiga sem í boði eru og fela í sér upplýsingar um gjaldþrotalög sem gilda í viðkomandi lögsögu.

V. KAFLI

HÁTÍÐNIVIÐSKIPTATÆKNI MEÐ NOTKUN ALGRÍMS OG LOKAÁKVÆÐI

28. gr.

Efni og snið skráa um tilboð

(Ákvæði 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Verðbréfafyrirtæki sem beitar hátíðniviðskiptaaðferðum með notkun algríms skal tafarlaust eftir framlagningu tilboða skrá upplýsingar um hvert tilboð sem lagt er fram og nota til þess sniðs sem sett er fram í töflum 2 og 3 í II. viðauka.

2. Verðbréfafyrirtæki sem beitir hátfíðniviðskiptaaðferðum með notkun algríms skal uppfæra þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. samkvæmt þeim stöðlum og á því sniði sem tilgreind eru í fjórða dálki í töflum 2 og 3 í II. viðauka.
3. Geyma skal skrárnar sem um getur í 1. og 2. mgr. í fimm ár frá deginum sem tilboðin eru lögð fram hjá viðskiptavettvangi eða öðru verðbréfafyrirtæki til framkvæmdar.

29. gr.

Gildistaka og framkvæmd

(Ákvæði 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Reglugerð þessi skal öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðmið sem taka skal tillit til í sjálfsmati verðbréfafyrirtækis og um getur í 1. mgr. 9. gr.

1. Við mat á eðli starfsemi sinnar skal verðbréfafyrirtæki meta eftirfarandi, eftir atvikum:
 - a) lagalega stöðu fyrirtækisins og, eftir atvikum, viðskiptavina sinna með beinan, rafrænan aðgang, að teknu tilliti til krafna samkvæmt reglum sem það fellur undir sem verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og annarra viðeigandi krafna samkvæmt reglum,
 - b) hlutverk fyrirtækisins á markaðnum, þ.m.t. hvort það sé viðskiptavaki og hvort það framkvæmi fyrirmæli fyrir viðskiptavinum eða eigi einungis í viðskiptum fyrir eigin reikning,
 - c) stig sjálfvirkni í viðskiptum og öðrum ferlum eða starfsemi fyrirtækisins,
 - d) tegundir og lagalega stöðu þeirra gerninga, afurða og eignaflokka sem fyrirtækið stundar viðskipti með,
 - e) tegundir áætlana sem fyrirtækið notar og áhættan sem felst í þessum áætlunum fyrir eigin áhættustýringu fyrirtækisins og fyrir sanngjarna og skipulega virkni markaða; fyrirtækið skal einkum meta eðli þessara áætlana, s.s. viðskiptavakt eða högnun, og hvort þessar áætlanir eru til langs eða skamms tíma, stefnumiðaðar (e. *directional*) eða ekki,
 - f) biðtímanæmi (e. *latency sensitivity*) áætlana og viðskiptastarfsemi fyrirtækisins,
 - g) tegund og lagalega stöðu viðskiptavettvanga og annarra seljanleikavettvanga (e. *liquidity pools*) sem aðgangur er nýttur að, einkum hvort viðskipti á þessum viðskiptavettvöngum og öðrum seljanleikavettvöngum eru gagnsæ (e. *lit*), ógagnsæ (e. *dark*) eða utan skipulegs viðskiptavettvangs (OTC),
 - h) tengingalausnir fyrirtækisins og hvort það hefur aðgang að viðskiptavettvöngum sem aðili, sem viðskiptavinur með beinan, rafrænan aðgang eða sem veitandi beins rafræns aðgangs,
 - i) að hvaða marki fyrirtækið er háð þriðju aðilum við þróun og viðhald algríma eða viðskiptakerfa sinna og hvort þessi algrím eða viðskiptakerfi eru þróuð á vegum fyrirtækisins sjálfs, í samvinnu við þriðja aðila eða keypt frá, eða þeim útvistað til, þriðja aðila,
 - j) eignarhalds- og stjórnskipan fyrirtækisins, skipulags- og rekstrarlega uppbyggingu þess og hvort það er sameignarfélag, dótturfélag eða félag sem er skráð á almennan markað, eða annað,
 - k) fyrirkomulag og skipulag áhættustýringar, regluvörslu og endurskoðunar,
 - l) stofndag fyrirtækisins, reynslu og hæfni starfsfólks þess og hvort það var nýlega stofnsett.
2. Við mat á umfangi starfsemi þess skal verðbréfafyrirtæki taka mið af eftirfarandi, eftir atvikum:
 - a) fjölda algríma og áætlana sem eru í gangi samhliða,
 - b) fjölda einstakra gerninga, afurða og eignaflokka sem viðskipti eru höfð með,
 - c) fjölda viðskiptaborða sem starfrækt eru og einstakra viðskiptaaudkenna einstaklinga og algríma, sem sjá um framkvæmd tilboða, sem notuð eru,
 - d) getu að því er varðar magn skilaboða og einkum fjölda tilboða sem lögð eru fram, er breytt, eru felld úr gildi og framkvæmd,
 - e) peningagildi brúttó og nettó staðna sinna innan dags og yfir nótt,
 - f) fjölda markaða sem það hefur aðgang að, annaðhvort sem aðili eða þátttakandi eða gegnum beinan, rafrænan aðgang,
 - g) fjölda og stærð viðskiptavina fyrirtækisins, einkum viðskiptavina með beinan, rafrænan aðgang hjá fyrirtækinu,
 - h) fjölda samhýsingar- eða nándarhýsingarstaða sem fyrirtækið hefur tengingu í,
 - i) afkastagetu tengingarinnviða fyrirtækisins,

- j) fjölda stöðustofnunaðila fyrirtækisins eða miðlægra mótaðila sem fyrirtækið er aðili að,
 - k) stærð fyrirtækisins út frá fjölda miðlara og starfsfólks í framlínu, miðvinnslu og bakvinnslu í heilum stöðugildum,
 - l) fjölda starfsstöðva fyrirtækisins,
 - m) fjölda landa og svæða þar sem fyrirtækið er með viðskiptastarfsemi,
 - n) árstekna og -hagnaðar fyrirtækisins.
3. Við mat á flækjustigi starfseminnar skal verðbréfafyrirtæki taka mið af eftirfarandi, eftir atvikum:
- a) eðli áætlana sem fyrirtækið eða viðskiptavinir þess framfylgja, að því marki sem fyrirtækið þekkir þessar áætlanir, einkum hvort þessar áætlanir fela í sér að algrím setji af stað fyrirmæli sem varða gerninga sem fylgni er á milli (e. *correlated instruments*) eða á fleiri viðskiptavettvöngum eða seljanleikavettvöngum.
 - b) algrími fyrirtækisins, með tilliti til kóðunar, ílagsgagna sem algrímin byggja á, innbyrðis hæðis og undantekninga frá reglum í algrímunum, eða á annan hátt,
 - c) viðskiptakerfi fyrirtækisins með tilliti til fjölbreytileika viðskiptakerfa sem notuð eru og hve mikla stjórn fyrirtækið hefur á stillingum, breytingum, prófunum og endurskoðunum á viðskiptakerfum sínum,
 - d) eignarhalds- og stjórnskipan fyrirtækisins og skipulags-, rekstrar-, tæknilegri, raunlægri og landfræðilegri uppbyggingu þess,
 - e) fjölbreytni tenginga, tækni og stöðustofnunarlausna fyrirtækisins,
 - f) fjölbreytni raunlægra veltuviðskiptainnviða fyrirtækisins,
 - g) hve miklu fyrirtækið útvistar eða býður til útvistar, einkum ef lykilkáttum starfseminnar er útvistað,
 - h) veitingu eða notkun fyrirtækisins á beinum, rafrænum aðgangi, hvort sem um ræðir beinan markaðsaðgang eða aðgang gegnum annan, og með hvaða skilyrðum beinn, rafrænn aðgangur er veittur viðskiptavinum, og
 - i) viðskiptahraða fyrirtækisins eða viðskiptavina þess.
-

II. VIÐAUKI

Efni og snið skráa um tilboða sem um getur í 28. gr.

Tafla 1

Skýringar fyrir töflu 2 og 3

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	3 bókstafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ merkir að nota skuli bókstafinn „T“, — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.ddddd“ er sekúndan og sekúndubrotið, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir þar af geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus), — gildi eru námunduð en ekki stýfð
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir alls	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166.
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383.
{NATIONAL_ID}	35 alstafir	Auðkennið sem sett er fram í 6. gr. og II. viðauka við [RTS 22 um tilkynningarskyldu um viðskipti skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014].

Tafla 2

Upplýsingar um hverja upphaflega ákvörðun um viðskipti og fyrirmæli sem berast frá viðskiptavinum

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
1	Eiginnafn eða -nöfn viðskiptavinar	Fullt eiginnafn eða -nöfn viðskiptavinar. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu. Skilja skal þennan reit eftir auðan sé auðkenni lögaðila (LEI) tilgreint	{ALPHANUM-140}

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
2	Kenninafn eða -nöfn viðskiptavinar	Fullt kenninafn eða -nöfn viðskiptavinar. Sé um að ræða fleiri en eitt kenninafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu. Skilja skal þennan reit eftir auðan sé auðkenni lögaðila tilgreint.	{ALPHANUM-140}
3	Auðkenniskóði viðskiptavinar	Kóði sem notaður er til að auðkenna viðskiptavin verðbréfa-fyrirtækisins. Sé um að ræða beinan, rafrænan aðgang skal nota kóða notanda með beinan, rafrænan aðgang. Nota skal auðkenni lögaðila ef viðskiptavinurinn er lögaðili. Nota skal {NATIONAL_ID} ef viðskiptavinurinn er ekki lögaðili. Sé um að ræða samsöfnuð (e. aggregated) fyrirmæli skal nota flaggið AGGR eins og tilgreint er í 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 ⁽¹⁾ . Sé um að ræða úthlutanir sem bíða afgreiðslu (e. <i>pending allocations</i>) skal nota flaggið PNAL eins og tilgreint er í 2. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/580. Einungis skal skilja þennan reit eftir auðan ef verðbréfa-fyrirtækið hefur engan viðskiptavin.	{LEI} {NATIONAL_ID} „AGGR“ — samsöfnuð fyrirmæli „PNAL“ — úthlutanir sem bíða afgreiðslu
4	Nafn einstaklings sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinarins	Í þessum reit skal koma fram eiginnafn eða -nöfn einstaklingsins sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinarins. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
5	Kenninöfn einstaklingsins sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinarins	Í þessum reit skal koma fram kenninafn eða -nöfn einstaklingsins sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinarins. Sé um er að ræða fleiri en eitt kenninafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
6	Fjárfestingarákvörðun innan fyrirtækis	Kóði sem er notaður til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið sem tekur fjárfestingarákvörðunina innan verðbréfa-fyrirtækisins í samræmi við 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ⁽²⁾ . Hafi einstaklingur tekið fjárfestingarákvörðuna skal auðkenna einstaklinginn sem bar ábyrgð eða höfuðábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni með {NATIONAL_ID}. Hafi algrím tekið fjárfestingarákvörðunina skal fylla út í reitinn eins og greint er frá í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. Skilja skal þennan reit eftir auðan ef hvorki einstaklingur né algrím innan verðbréfafyrirtækisins tók fjárfestingarákvörðunina.	{NATIONAL_ID} — einstaklingar {ALPHANUM-50} — algrím
7	Auðkenning upprunalegra fyrirmæla	Kóði til að auðkenna fyrirmæli, sem berast frá viðskiptavininum eða verðbréfafyrirtækið býr til, áður en tilboðið er útbúið og lagt fram hjá viðskiptavettvanginum eða verðbréfa-fyrirtækinu.	{ALPHANUM-50}
8	Kaup- eða söluvísir	Til að sýna hvort tilboðið varðar kaup eða sölu.	„BUYI“ — kaupa „SELL“ — selja

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
		<p>Sé um að ræða valrétti og skiptirétti skal kaupandinn vera mótaðilinn sem hefur réttinn til að nýta valréttinn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur valréttinn og tekur við gjaldi.</p> <p>Sé um er ræða framtíðarsamninga og framvirka samninga, aðra en sem varða gjaldmiðla, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir gerninginn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur gerninginn.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða verðbréf skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur áhættuna af verðbreytingum á undirliggjandi verðbréfum og tekur við fjárhæð verðbréfsins. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem greiðir fjárhæð verðbréfsins.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða vexti og verðbólguvísitölur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum. Sé um að ræða skiptasamninga um breytilega vexti (vaxtaskiptasamninga með gagnkvæmt breytilegum vöxtum) skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir álagið og seljandinn mótaðilinn sem tekur við álaginu.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga og framvirka samninga sem varða gjaldmiðla og skiptasamninga milli gjaldmiðla skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við gjaldmiðlinum sem er fremstur í stafrófsröð samkvæmt ISO 4217 staðlinum og seljandinn skal vera mótaðilinn sem afhendir þennan gjaldmiðil.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða arðgreiðslur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við viðkomandi eiginlegum arðgreiðslum. Seljandinn er mótaðilinn sem greiðir arðinn og tekur við föstu greiðslunum.</p> <p>Sé um að ræða afleiðugerninga til yfirfærslu á greiðslufallsáhættu, að undanskildum valréttum og skiptiréttum, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir vörnina. Seljandinn er mótaðilinn sem selur vörnina.</p> <p>Sé um að ræða afleiðusamninga sem varða hrávörur eða losunarheimildir skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við hrávörunni eða losunarheimildinni eins og tilgreint er í tilkynningunni og seljandinn vera mótaðilinn sem afhendir hrávöruna eða losunarheimildina.</p> <p>Sé um að ræða framvirka vaxtasamninga skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina og seljandinn mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum.</p> <p>Sé um að ræða hækkun á grundvallarfjárhæð skal kaupandinn vera sá sami og sá sem eignast fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum og seljandinn vera sá sami og lætur af hendi fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum.</p> <p>Sé um að ræða lækkun á grundvallarfjárhæð skal kaupandinn vera sá sami og lætur fjármálagerninginn af hendi í upphaflegu viðskiptunum og seljandinn vera sá sami og sá sem eignast fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum.</p>	
9	Auðkenniskóði fjármálagernings	Einkvæmt og ótvírætt auðkenni fjármálagerningsins	{ISIN}

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
10	Verð	<p>Skilyrt verð (<i>e. limit price</i>) tilboðsins að undanskildum, eftir atvikum, þóknun og áföllnum vöxtum.</p> <p>Sé um að ræða markþöntun (<i>e. stop order</i>) skal þetta vera markverð (<i>e. stop price</i>) hennar.</p> <p>Sé um að ræða valréttarsamning skal verðið vera gjaldið samkvæmt afleiðusamningnum á hvern undirliggjandi þátt eða vísitölustig.</p> <p>Sé um að ræða veðjun á verðbil (<i>e. spread bets</i>) skal verðið vera viðmiðunarverð beins undirliggjandi gernings.</p> <p>Sé um er að ræða skuldatryggingu skal verðið vera vextirnir í grunnpunktum.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>Fylla skal þennan reit út með gildinu „NOAP“ ef verð á ekki við.</p> <p>Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“.</p> <p>Sé samþykkt verð núll skal nota verðið núll.</p> <p>Þegar við á skulu gildi hvorki námunduð né stýfð.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p> <p>„PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir.</p> <p>„NOAP“ ef verð á ekki við.</p>
11	Framsetningarform verðs	<p>Tilgreining á því hvort verðið og lausnarverðið séu gefin upp sem peningagildi, hundraðshlutar, ávöxtun eða grunnpunktar.</p>	<p>„MONE“ — peningagildi</p> <p>„PERC“ — hundraðshluti</p> <p>„YIEL“ — ávöxtun</p> <p>„BAPO“ — grunnpunktar</p>
12	Verðmargfaldari	<p>Fjöldi eininga undirliggjandi gerninga í einum afleiðusamningi.</p> <p>Peningagildi sem fellur undir stakan skiptasamning, þar sem magnreitirinn sýnir fjölda skiptasamninga í viðskiptunum. Sé um að ræða framtíðarsamning eða valrétt á vísitölu, fjárhæðin á hvert vísitölustig.</p> <p>Sé um að ræða veðjun á verðbil, verðhreyfing undirliggjandi gernings sem veðjunin byggist á.</p> <p>Upplýsingar sem veittar eru í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitum 10 og 26.</p>	<p>{DECIMAL-18/17}</p> <p>„1“ — sé um að ræða fjármálagerninga sem eru ekki afleiður og ekki er verslað með gegnum samninga.</p>
13	Gjaldmiðill verðs	<p>Gjaldmiðillinn sem verð fjármálagerningsins sem tilboðið tengist er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi).</p>	<p>{CURRENCYCODE_3}</p>
14	Gjaldmiðill í 2. legg	<p>Sé um að ræða fjölmynta skiptasamninga eða skiptasamninga milli tveggja gjaldmiðla skal gjaldmiðill 2. leggjar vera sá sem 2. leggur sammingsins er í.</p> <p>Sé um að ræða skiptarétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur eru fjölmynta skal gjaldmiðill 2. leggjar vera sá sem 2. leggur skiptasammingsins er í.</p> <p>Reitur þessi á aðeins við um vaxta- og gjaldeyrisafleiðusamninga.</p>	<p>{CURRENCYCODE_3}</p>

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
15	Kóði undirliggjandi gernings	<p>ISIN-númer undirliggjandi gernings.</p> <p>Sé um að ræða amerísk heimildarskírteini (e. ADRs), alþjóðleg heimildarskírteini (e. GDRs) og svipaða gerninga, {ISIN} fjármálagerningsins sem gerningarnir byggjast á.</p> <p>Sé um að ræða breytanleg skuldabréf, {ISIN} gerningsins sem skuldabréfið er breytanlegt í.</p> <p>Sé um að ræða afleiður eða aðra gerninga með undirliggjandi þátt, ISIN-númer undirliggjandi gernings ef hann er tekinn til viðskipta eða viðskipti eru með hann á viðskiptavettvangi. Sé undirliggjandi þátturinn arður af hlutabréfi, ISIN-númer viðkomandi hlutabréfs sem veitir rétt til hins undirliggjandi arðs.</p> <p>Sé um að ræða skuldatryggingu, ISIN-númer viðmiðunar-skuldbindingar.</p> <p>Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala og hefur ISIN-númer, þá ISIN-númer þeirrar vísitölu.</p> <p>Sé undirliggjandi þátturinn karfa skal gefa upp öll ISIN-númer fyrir hvern innihaldshluta körfunnar sem tekinn er til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Þennan reit skal endurtaka eins oft og þörf er á til að telja upp alla tilkynningarskylda gerninga í körfunni.</p>	{ISIN}
16	Tegund valréttar	<p>Tilgreining á því hvort afleiðusamningurinn er kaupréttur (réttur til að kaupa ákveðna undirliggjandi eign) eða söluréttur (réttur til að selja ákveðna undirliggjandi eign) eða að ekki sé unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt á þeim tíma sem tilboðið er lagt fram. Sé um að ræða skiptirétt skal hann vera:</p> <p>— „PUTO“, sé um að ræða skiptirétt viðtakanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem viðtakandi á föstum vöxtum.</p> <p>— „CALL“, sé um að ræða skiptirétt greiðanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem greiðandi á föstum vöxtum,</p> <p>Sé um að ræða þök og lágmark skulu þau vera:</p> <p>— „PUTO“ sé um að ræða lágmark.</p> <p>— „CALL“ sé um að ræða þak.</p> <p>Reiturinn á aðeins við um afleiður sem eru valréttir eða áskriftarréttindi.</p>	<p>„PUTO“ — söluréttur</p> <p>„CALL“ — kaupréttur</p> <p>„OTHR“ — sé ekki unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt</p>
17	Lausnarverð	<p>Fyrirframákveðið verð sem eigandinn verður að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á, eða tilgreining á því að ekki sé unnt að ákvarða verðið á þeim tíma sem tilboðið er lagt fram.</p> <p>Reiturinn á einungis við um valrétt eða áskriftarréttindi þar sem unnt er að ákvarða lausnarverð þegar tilboðið er lagt fram.</p> <p>Eigi lausnarverð ekki við skal ekki fylla þennan reit út.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p> <p>„PNDG“ liggi verðið ekki fyrir.</p>
18	Gjaldmiðill lausnarverðs	Gjaldmiðill lausnarverðsins	{CURRENCYCODE_3}

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
19	Fyrirframgreiðsla	<p>Peningagildi fyrirframgreiðslu sem gefin er upp í grunnpunktum grundvallarfjárhæðar, sem seljandinn tekur við eða greiðir.</p> <p>Taki seljandinn við fyrirframgreiðslunni skal gildið sem fært er inn vera jákvætt. Inni seljandinn fyrirframgreiðsluna af hendi skal gildið sem fært er inn vera neikvætt.</p> <p>Sé um að ræða hækkun eða lækkun á grundvallarfjárhæð afleiðusamninga skal talan endurspeglja tölugildi breytingarinnar og gefin upp sem jákvæð tala.</p>	{DECIMAL-18/5}
20	Tegund afhendingar	<p>Tilgreining á því hvort viðskiptin eru gerð upp hlutrænt (e. physically) eða með reiðufé.</p> <p>Gildið skal vera „OPTL“ ef ekki er unnt að ákvarða tegund afhendingar þegar tilboðið er lagt fram.</p> <p>Aðeins þarf að fylla út reitinn ef um er að ræða afleiður.</p>	<p>„PHYS“ — hlutrænt uppgjör</p> <p>„CASH“ — uppgjör með reiðufé</p> <p>„OPTL“ — valkvætt fyrir mótaðila eða þegar þriðji aðili ákvarðar tegundina.</p>
21	Tegund nýtingar valréttar	<p>Tilgreining á því hvort aðeins megi nýta valréttinn á tilteknum degi (evrópskur og asískur valréttur), á nokkrum fyrirfram tilgreindum dagsetningum (Bermúda-valréttur) eða hvenær sem er á líftíma samningsins (bandarískur valréttur).</p> <p>Reitur þessi á aðeins við um valrétti.</p>	<p>„EURO“ — evrópskur</p> <p>„AMER“ — bandarískur</p> <p>„ASIA“ — asískur</p> <p>„BERM“ — bermúdaeyskur</p> <p>„OTHR“ — aðrar tegundir</p>
22	Lokagjalddagi	<p>Lokagjalddagi fjármálagerningsins.</p> <p>Reiturinn á aðeins við um skuldagerninga með skilgreindan lokagjalddaga.</p>	{DATEFORMAT}
23	Lokadagsetning	<p>Lokadagsetning tilkynnts fjármálagernings.</p> <p>Reiturinn á aðeins við um afleiður með skilgreinda lokadagsetningu.</p>	{DATEFORMAT}
24	Gjaldmiðill magns	<p>Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í.</p> <p>Reiturinn á aðeins við ef magnið er gefið upp sem nafnvirði eða peningagildi.</p>	{CURRENCYCODE_3}
25	Magntáknun	<p>Tilgreining á því hvort tilkynnt magn er gefið upp sem fjöldi eininga, nafnvirði eða peningagildi.</p>	<p>„UNIT“ — fjöldi eininga</p> <p>„NOML“ — nafnvirði</p> <p>„MONE“ — peningagildi</p>
26	Upphaflegt magn	<p>Fjöldi eininga fjármálagerningsins eða fjöldi afleiðusamninga í tilboðinu.</p> <p>Nafnvirði eða peningagildi fjármálagerningsins.</p> <p>Sé um að ræða veðjun á verðbil skal magnið vera peningagildið sem lagt er undir á hverja punktahreyfingu í undirliggjandi fjármálagerningi.</p> <p>Sé um að ræða hækkun eða lækkun á grundvallarfjárhæð afleiðusamninga skal talan endurspeglja tölugildi breytingarinnar og gefin upp sem jákvæð tala.</p> <p>Sé um að ræða skuldatryggingu skal magnið vera grundvallarfjárhæðin sem vernd er fengin fyrir eða veitt.</p>	<p>{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga.</p> <p>{DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.</p>

N	Reitur	Lýsing	Staðlar og snið
27	Dagsetning og tími	Nákvæm dagsetning og tími viðtöku fyrir mæla eða nákvæm dagsetning og tími þegar ákvörðun um viðskipti var tekin. Ef við á skal viðhalda reit þessum í samræmi við 3. gr. og töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 ⁽³⁾ .	{DATE_TIME_FORMAT} Ef við á skal ákvarða fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/574.
28	Viðbótarupplýsingar frá viðskiptavininum	Allar leiðbeiningar, viðmið, skilyrði og aðrar upplýsingar um fyrirmælin sem viðskiptavinurinn sendi verðbréfafyrirtækinu.	Frjáls texti

(¹) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar fyrirmæli með fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193).

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

(³) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148).

Tafla 3

Upplýsingar um útfarandi og framkvæmd fyrirmæli

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
1	Kaup- eða söluvísir	Tilgreining á því hvort tilboðin eru um að kaup eða sölu, eins og ákvarðað er í lýsingu á reit 8 í töflu 2.	„BUYI“ — kaupa „SELL“ — selja
2	Viðskiptahlutverk	Tilgreining á því hvort tilboðið er lagt fram vegna þess að aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins er að framkvæma pöruð miðlaraviðskipti (e. <i>matched principal trading</i>) skv. 38. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning skv. 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Stafi framlagning tilboðsins ekki af því að aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins framkvæmi pöruð miðlaraviðskipti eða stundi viðskipti fyrir eigin reikning skal reiturinn tilgreina að viðskiptin hafi verið framkvæmd út frá öðru hlutverki.	„DEAL“ — viðskipti fyrir eigin reikning „MTCH“ — pöruð miðlara- viðskipti „AOTC“ — annað hlutverk
3	Viðskiptavakt	Tilgreining á því hvort tilboð er lagt fram á viðskiptavettvangi sem hluti af áætlun um viðskiptavakt skv. 17. og 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða sem hluti annarrar starfsemi í samræmi við 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/575. (¹).	„rétt“ „rangt“
4	Framkvæmd innan fyrirtækis	Kóði sem er notaður til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan verðbréfafyrirtækisins sem sér um framkvæmd viðskipta vegna tilboðsins í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. Sjái einstaklingur um framkvæmd viðskiptanna skal auðkenna hann með {NATIONAL_ID} Sjái algrím um framkvæmd viðskiptanna skal fylla út þennan reit í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.	{NATIONAL_ID} — einstak- lingar {ALPHANUM-50} — algrím

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
		<p>Komi fleiri en einn einstaklingur eða bæði einstaklingar og algrím að framkvæmd viðskiptanna skal fyrirtækið ákvarða hvaða miðlari eða algrím sér aðallega um hana, eins og tilgreint er í 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590, og fylla út þennan reit með auðkenni þess seljanda eða algríms.</p> <p>Reiturinn skal aðeins eiga við um framkvæmd fyrirmæli.</p>	
5	Auðkenniskóði tilboða sem eru lögð fram á viðskiptavettvangnum eða hjá öðru verðbréfafyrirtæki	Innri kóði sem verðbréfafyrirtækið notar til að auðkenna tilboð sem lögð eru fram á viðskiptavettvöngum eða hjá öðrum verðbréfafyrirtækjum, að því tilskildu að kóðinn sé einkvæmur fyrir viðskiptadaginn og hvern fjármálagerning.	{ALPHANUM-50}
6	Auðkenniskóði tilboðs sem er úthlutað af öðru verðbréfafyrirtæki eða viðskiptavettvangi sem tilboð er lagt fram hjá	Alstafakóði sem úthlutað er af öðru verðbréfafyrirtæki eða viðskiptavettvangi þar sem verðbréfafyrirtækið lagði tilboðið fram til framkvæmdar. Fylla skal út reitinn með auðkenniskóða sem fyrrgreinda verðbréfafyrirtækið eða viðskiptavettvangurinn úthlutar.	{ALPHANUM-50}
7	Auðkenniskóði viðtakanda fyrir-mæla/tilboðs	Kóði verðbréfafyrirtækis eða viðskiptavettvangs sem fyrir-mælin voru send til/tilboðið var lagt fram hjá.	Fyrir verðbréfafyrirtæki: {LEI} Fyrir viðskiptavettvang: {MIC}
8	Tegund tilboðs	Tilgreining á tegund tilboðs sem lagt er fram á viðskiptavettvangi, samkvæmt forskrift viðskiptavettvangsins.	{ALPHANUM-50}
9	Skilyrt verð	<p>Hámarksverð sem unnt er að framkvæma kauptilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma sölutilboð á.</p> <p>Verðbilið fyrir áætlunarfyrirmæli (e. <i>strategy order</i>). Það getur verið neikvætt eða jákvætt.</p> <p>Þennan reit skal skilja eftir auðan sé um að ræða tilboð án skilyrts verðs eða fyrirmæli án verðs.</p> <p>Sé um að ræða breytanlegt skuldabréf skal raunverulegt verð (með eða án áfallinna vaxta) sem notað er um fyrirmælin koma fram í þessum reit.</p> <p>Leiði tilboð til viðskipta skal verðbréfafyrirtækið einnig skrá verðið sem viðskiptin voru framkvæmd á.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningafjárhæð skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundradshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p>
10	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðill sem viðskiptaverðið er gefið upp í (á við þegar verðið er gefið upp sem peningagildi) fyrir fjármálagerninginn sem tilboðið varðar.	{CURRENCYCODE_3}
11	Framsetningarform verðs	Tilgreining á því hvort verðið og lausnarverðið eru gefin upp í peningagildum, hundradshlutum, ávöxtun eða grunnpunktum.	<p>„MONE“ — peningagildi</p> <p>„PERC“ — hundradshluti</p> <p>„YIEL“ — ávöxtun</p> <p>„BAPO“ — grunnpunktar</p>
12	Skilyrt verð til viðbótar	Annað skilyrt verð sem kann að eiga við um tilboðið. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
			<p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p>
13	Markverð	<p>Verðið sem verður að nást svo að tilboðið verði virkt.</p> <p>Sé um að ræða markpöntun sem atburðir óháðir verði fjármálagerningsins setja af stað skal fylla þennan reit út með markverðinu núll.</p> <p>Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p>
14	Viðmiðstengt skilyrt verð (e. <i>pegged limit price</i>)	<p>Hámarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengd (e. <i>pegged</i>) kautilboð á eða lágmarksverð sem unnt er að framkvæma viðmiðstengd sölutilboð á.</p> <p>Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.</p>	<p>{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningagildi.</p> <p>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.</p> <p>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem hundraðshluti eða ávöxtun.</p> <p>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum.</p>
15	Eftirstandandi magn, þ.m.t. dulið	<p>Heildarmagn sem stendur eftir í tilboðaskrá þegar framkvæmd hefur farið fram að hluta eða ef annar atburður hefur áhrif á tilboðið.</p> <p>Sé um að ræða atburð þar sem tilboðið er framkvæmt að hluta skal tilgreina heildareftirstöðvar magns eftir þá framkvæmd að hluta. Við skráningu tilboðs skal þetta jafngilda upphaflegu magni.</p>	<p>{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga.</p> <p>{DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.</p>
16	Sýnt magn	Magnið sem er sýnilegt (andstætt við dulið) í tilboðabókinni.	<p>{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga.</p> <p>{DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.</p>
17	Magn sem viðskipti voru með	Við framkvæmd að fullu eða að hluta skal fylla út þennan reit með framkvæmdu magni.	<p>{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga.</p> <p>{DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.</p>

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
18	Lágmark fullnægjandi magns (MAQ)	Lágmark fullnægjandi magns til að pöntun sé framkvæmd, sem getur samanstaðið af fleiri en einni framkvæmd að hluta og er jafnan aðeins fyrir skammtímategundir tilboða (e. <i>non-persistent</i>). Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
19	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES)	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar hvorrar einstakrar hugsanlegrar pörunar. Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.	{DECIMAL-18/17} sé magnið gefið upp sem fjöldi eininga. {DECIMAL-18/5} sé magnið gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.
20	Lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES) aðeins við fyrstu framkvæmd	Tilgreining á því hvort lágmark framkvæmanlegrar stærðar (MES) á aðeins við um fyrstu framkvæmd. Þennan reit má skilja eftir auðan ef reitur 19 er skilinn eftir auður.	„rétt“ „rangt“
21	Tilgreining á óvirkni (e. <i>passive only</i>)	Tilgreining á því hvort tilboðið er lagt fram á viðskiptavettvangnum með því formerki/flaggi að það skuli ekki parast þegar í stað við sýnilega gagnstætt tilboð.	„rétt“ „rangt“
22	Komið í veg fyrir eigin framkvæmd	Tilgreining á því hvort tilboð hafi verið sett inn ásamt viðmiðum til að koma í veg fyrir eigin framkvæmd, svo þau séu ekki pöruð við tilboð á andstæðri hlið tilboðabókarinnar sem sami aðili eða þátttakandi setur inn.	„rétt“ „rangt“
23	Dagsetning og tími (framlagning tilboðs)	Nákvæm dagsetning og tími framlagningar tilboðs til viðskiptavettvangs eða annars verðbréfafyrirtækis.	{DATE_TIME_FORMAT} Ákvarða skal fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/574.
24	Dagsetning og tími (viðtaka tilboðs)	Nákvæm dagsetning og tími skilaboða sem send eru til og móttakin frá viðskiptavettvangnum eða öðru verðbréfafyrirtæki í tengslum við tilboðið	{DATE_TIME_FORMAT} Ákvarða skal fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/574.
25	Raðnúmer	Verðbréfafyrirtækið skal auðkenna hvern atburð sem skráður er í reit 26 og nota til þess jákvæðar heiltölur í hækkandi röð. Raðnúmerið skal vera einkvæmt fyrir hverja tegund atburðar og samræmt yfir alla atburði, tímastimplað af verðbréfafyrirtækinu og viðvarandi fyrir daginn sem atburðurinn á sér stað.	{INTEGER-50}
26	Nýtt tilboð, breyting á tilboði, niðurfelling tilboða, synjun tilboða, framkvæmd að fullu eða að hluta til.	Nýtt tilboð: Rekstraraðila viðskiptavettvangsins berst nýtt tilboð. Virkuð: tilboð sem verða framkvæmanleg eða, eftir atvikum, ekki framkvæmanleg þegar fyrirframákveðnum skilyrðum er fullnægt.	„NEWO“ — ný fyrirmæli „TRIG“ — virkuð

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
		<p>Aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins skiptir út: þegar aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins ákveður, að eigin frumkvæði, að breyta einhverjum einkennum tilboðs sem hann hafði áður fært inn í tilboðabókina.</p> <p>Markaðsaðgerðir (sjálfvirkar) skipta út: þegar upplýsingatæknikerfi rekstraraðila viðskiptavettvangsins breyta einhverjum einkennum tilboða. Þar á meðal eru breytingar á núverandi einkennum viðmiðstengdra pantana (e. <i>peg order</i>) eða markpöntunar til að endurspeglar staðsetningu tilboðanna í tilboðabókinni.</p> <p>Skipt út með markaðsaðgerðum (mannleg íhlutun): þegar starfsfólk rekstraraðila viðskiptavettvangs breytir einhverjum eiginleikum tilboðs. Þar á meðal eru aðstæður þar sem aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins á í vanda í tengslum við upplýsingatækni og áriðandi er fyrir hann að fella niður tilboðin.</p> <p>Breyting á stöðu að frumkvæði aðila, þátttakanda eða viðskiptavinar viðskiptavettvangs. Þar á meðal er sú ráðstöfun að gera tilboð virkt og óvirkt..</p> <p>Breyting á stöðu vegna markaðsaðgerða.</p> <p>Niðurfelld að frumkvæði aðila eða þátttakanda eða viðskiptavinar viðskiptavettvangs.</p> <p>Niðurfelld með markaðsaðgerðum. Í þessu felst verndarfyrirkomulag fyrir verðbréfafyrirtæki sem stunda algrímsviðskipti samkvæmt áætlun um viðskiptavakt, eins og mælt er fyrir um í 17. og 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.</p> <p>Tilboð sem er hafnað: tilboð sem tekið er við en rekstraraðili viðskiptavettvangs hafnar.</p> <p>Útrunnin tilboð: þegar tilboð eru fjarlægð úr tilboðabókinni við lok gildistíma þeirra.</p> <p>Framkvæmd að hluta til: þegar tilboð eru ekki framkvæmd að fullu og eitthvert magn þeirra stendur eftir óframkvæmt.</p> <p>Framkvæmd að fullu: þegar ekkert eftirstandandi magn er til að framkvæma.</p>	<p>„REME“ — aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangs skiptir út.</p> <p>„REMA“ — skipt út með markaðsaðgerðum (sjálfvirkum).</p> <p>„REMH“ — skipt út með markaðsaðgerðum (mannleg íhlutun).</p> <p>„CHME“ — breyting á stöðu að frumkvæði aðila, þátttakanda eða viðskiptavinar viðskiptavettvangs.</p> <p>„CHMO“ — breyting á stöðu vegna markaðsaðgerða.</p> <p>„CAME“ — niðurfelld að frumkvæði aðila, þátttakanda eða viðskiptavinar viðskiptavettvangsins.</p> <p>„CAMO“ — niðurfelld með markaðsaðgerðum.</p> <p>„REMO“ — tilboð sem er hafnað</p> <p>„EXPI“ — útrunnin tilboð</p> <p>„PARF“ — framkvæmd að hluta til</p> <p>„FILL“ — framkvæmd að fullu {ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins.</p>
27	Skortsöluvísir	<p>Skortsala verðbréfafyrirtækis fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar eins og lýst er í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.</p> <p>Framkvæmi verðbréfafyrirtæki viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar sem er seljandinn og verðbréfafyrirtækinu, sem aðhefst á grundvelli bestu viðleitni (e. <i>best effort basis</i>), er ókleift að ákvarða hvort um er að ræða skortsöluviðskipti skal fylla út þennan reit með „UNDI“</p> <p>Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 skal viðtökufyrirtækið fylla út þennan reit í tilkynningu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá sendingarfyrirtækinu.</p>	<p>„SSHO“ — skortsala án undanþágu</p> <p>„SSEX“ — skortsala með undanþágu</p> <p>„SELL“ — engin skortsala</p> <p>„UNDI“ — upplýsingar ekki tiltækar</p>

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
		<p>Þessi reitur á aðeins við ef gerningurinn fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ⁽²⁾ og seljandinn er verðbréfafyrirtækið eða viðskiptavinur verðbréfafyrirtækisins.</p> <p>Þessi reitur á aðeins við þegar um framkvæmd fyrirmæli er að ræða.</p>	
28	Undanþáguvísir	<p>Tilgreining á því hvort viðskiptin voru framkvæmd með undanþágu áður en viðskipti fóru fram í samræmi við 4. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.</p> <p>Fyrir eiginfjárgerninga:</p> <p>„RFPT“ = viðskipti á grundvelli viðmiðunarverðs</p> <p>„NLIQ“ = umsamin viðskipti með auðseljanlega fjármálagerninga</p> <p>„QILQ“ = umsamin viðskipti með illseljanlega fjármálagerninga</p> <p>„PRIC“ = umsamin viðskipti sem lúta öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði viðkomandi eiginfjárgernings.</p> <p>Fyrir aðra gerninga en eiginfjárgerninga:</p> <p>„SIZE“ = viðskipti yfir tiltekinni stærð</p> <p>„ILOQ“ = viðskipti með illseljanlegan gerning</p> <p>Þessi reitur á aðeins við ef um er að ræða tilboð sem voru framkvæmd með notkun undanþágu á viðskiptavettvangi.</p>	<p>Fyllist út með einu af eftirfarandi flögum:</p> <p>„RFPT“ — viðmiðunarverð</p> <p>„NLIQ“ — umsamin (auðseljanlegur)</p> <p>„OILQ“ — umsamin (illseljanlegur)</p> <p>„PRIC“ — umsamin (skilyrði)</p> <p>„SIZE“ — yfir tiltekinni stærð</p> <p>„ILOQ“ — illseljanlegur gerningur</p>
29	Beiningaráætlun	<p>Viðeigandi áætlun um beiningu fyrirmæla (e. routing) samkvæmt forskrift viðskiptavettvangsins.</p> <p>Þennan reit skal skilja eftir auðan ef hann á ekki við.</p>	{ALPHANUM-50}
30	Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangnum	<p>Alstafakóði sem viðskiptavettvangurinn úthlutar á viðskipti skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/575.</p> <p>Þessi reitur á aðeins við ef um er að ræða tilboð sem voru framkvæmd á viðskiptavettvangi.</p>	{ALPHANUM-52}
31	Gildistími	<p>Gildir út daginn (e. <i>Good-For-Day</i>): tilboðið rennur út í lok sama viðskiptadags og það var fært í tilboðabókina.</p> <p>Gildir fram að niðurfellingu (e. <i>Good-Till-Cancelled</i>): tilboðið verður í tilboðabókinni og er framkvæmanlegt þar til það eru í raun fellt niður.</p> <p>Gildir fram að tilteknum tíma (e. <i>Good-Till-Time</i>): tilboðið rennur út í síðasta lagi á fyrirframákveðnum tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils.</p> <p>Gildir fram á tiltekinn dag (e. <i>Good-Till-Date</i>): tilboðið rennur út í lok tiltekins dags.</p> <p>Gildir fram á tiltekinn dag og tíma (e. <i>Good-Till-Specified Date and Time</i>): tilboðið rennur út á fyrirframákveðnum degi og tíma.</p> <p>Gildir eftir tiltekinn tíma (e. <i>Good After Time</i>): tilboðið gildir einungis eftir fyrirframákveðnum tíma innan yfirstandandi viðskiptatímabils.</p>	<p>„GDAY“ — gilda út daginn</p> <p>„GTCA“ — gilda fram að niðurfellingu</p> <p>„GTHT“ — gilda fram að tilteknum tíma</p> <p>„GTHD“ — gilda fram á tiltekinn dag</p> <p>„GTDT“ — gilda fram á tiltekinn dag og tíma</p> <p>„GAFT“ — gilda eftir tiltekinn tíma</p>

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
		<p>Gildir eftir tiltekinn dag (e. <i>Good After Date</i>): tilboðið gildir einungis frá byrjun fyrirframákveðins dags.</p> <p>Gildir eftir tiltekinn dag og tíma (e. <i>Good After Specified Date and Time</i>): tilboðið gildir einungis frá fyrirframákveðnum tíma á fyrirframákveðnum degi.</p> <p>Tafarlaus eða niðurfelld (e. <i>Immediate-Or-Cancel</i>): tilboð sem eru framkvæmt þegar það eru færð í tilboðabókina (í því magni sem unnt er að framkvæma) og hverfa úr tilboðabókinni þótt eftirstandandi magn (ef eitthvert er) hafi ekki verið framkvæmt.</p> <p>Allt eða ekkert (e. <i>Fill-or-Kill</i>): tilboð sem eru framkvæmd þegar þau eru færð í tilboðabókina að því tilskildu að unnt sé að framkvæma þau að fullu: Sé einungis unnt að framkvæma tilboðið að hluta til er þeim sjálfkrafa hafnað og því ekki hægt að framkvæma þau.</p> <p>Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkö, viðskiptavettvanga eða -kerfi.</p>	<p>„GAFD“ — gilda eftir tiltekinn dag</p> <p>„GADT“ — gilda eftir tiltekinn dag og tíma</p> <p>„IOCA“ — tafarlaus eða niðurfelld</p> <p>„F“ — allt eða ekkert eða {ALPHANUM-4}stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins.</p>
32	Takmörkun tilboðs	<p>Tæk til pörunar á lokatímabili (e. <i>Good For Closing Price Crossing Session</i>): þegar tilboð er tækt til pörunar á lokaverðspörunartímabilinu.</p> <p>Gilda á uppboðstíma (e. <i>Valid For Auction</i>): tilboðið er einungis virkt og einungis framkvæmanlegt á uppboðstímabilum (sem sá aðili, þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangsins sem lagði fram tilboðið getur skilgreint fyrirfram, t.d. upphafs- og/eða lokunaruppboð og/eða uppboð innan viðskiptadags).</p> <p>Gilda einungis um samfelld viðskipti (e. <i>Valid For Continuous Trading only</i>): tilboðið gildir aðeins innan samfellds viðskiptatíma.</p> <p>Annað: viðbótarupplýsingar sem eru sértækar fyrir tiltekin viðskiptalíkö, viðskiptavettvanga eða -kerfi.</p>	<p>„SESR“ — tæk til pörunar á lokatímabili</p> <p>„VFAAR“ — gilda á uppboðstíma</p> <p>„VFCR“ — gildir einungis um samfelld viðskipti</p> <p>{ALPHANUM-4} stafir sem ekki eru þegar í notkun í eigin flokkun viðskiptavettvangsins. Þennan reit skal fylla út með þeim fjölda flagga sem við á og skulu flöggin aðskilin með kommu.</p>
33	Dagsetning og tími vegna gildistíma	<p>Þetta vísar til tímastimpils sem sýnir tímann þegar tilboðið verður virkt eða eru endanlega fjarlægð úr tilboðabókinni.</p> <p>Gilda út daginn: innsetningardagurinn með tímastimpli rétt fyrir miðnætti.</p> <p>Gilda fram að tilteknum tíma: innsetningardagurinn og tíminn sem tilgreindur er í tilboðinu.</p> <p>Gilda fram á tiltekinn dag: tilgreindur lokadagur með tímastimpli rétt fyrir miðnætti.</p> <p>Gilda fram á tiltekinn dag og tíma: tilgreindur lokadagur og -tími.</p> <p>Gildir eftir tiltekinn tíma: innsetningardagur og tilgreindur tími þegar tilboðið verður virkt.</p>	<p>{DATE_TIME_FORMAT}</p> <p>Ákvarða skal fjölda tölustafa eftir „sekúndurnar“ í samræmi við töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/574.</p>

N.	Reitur/Innihald	Lýsing	Snið
		<p>Gilda eftir tiltekinn dag: tilgreindur dagur með tímastimpli rétt eftir miðnætti.</p> <p>Gilda eftir tiltekinn dag og tíma: tilgreindur dagur og tími þegar tilboðið verður virkt.</p> <p>Gilda fram að niðurfellingu: síðasti dagur og tími sem tilboðið er sjálfkrafa fjarlægt með markaðsaðgerðum.</p> <p>Annað: tímastimpill fyrir aðrar gildistegundir.</p>	
34	Samsöfnuð tilboð	Tilgreining á því hvort fyrirmælin eru samsöfnuð tilboð í samræmi við 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/575.	„rétt“ „rangt“
35	Viðbótarupplýsingar um útfarandi tilboð	<p>Leiðbeiningar, viðmið, skilyrði og aðrar upplýsingar um tilboðið sem:</p> <p>verðbréfafyrirtækið sendir viðskiptavettvangnum, einkum leiðbeiningar, viðmið, skilyrði og aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir viðskiptavettvanginn til að hafa skýran skilning á því hvernig hann á að meðhöndla tilboðið, eða</p> <p>viðskiptavettvangurinn sendir verðbréfafyrirtækinu, einkum leiðbeiningar, viðmið, skilyrði og aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir verðbréfafyrirtækið til að hafa skýra endurgjöf um hvernig tilboðið hefur verið meðhöndlað.</p>	Frjáls texti

(¹) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/575 frá 8. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla varðandi gögnin sem viðskiptastaðir eiga að birta um gæði framkvæmdar viðskipta (sjá Stjtíð. ESB. L 87, 31. 3. 2017, bls. 152).

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).